

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

### um Tækniþróunarsjóð.

Frá ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

#### 1. gr.

##### *Hlutverk.*

Tækniþróunarsjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra. Fagleg umsýsla Tækniþróunarsjóðs skal falin óháðum aðila samkvæmt samningi.

Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Tækniþróunarsjóði er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs með því að:

- a. styrkja tækniþróun og tengdar rannsóknir í þágu nýsköpunar atvinnulífsins, m.a. í samstarfi við stofnanir, háskóla, fyrirtæki og erlenda sjóði,
- b. styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og eiga aðild að þeim á frumstigi nýsköpunar,
- c. fjármagna átaksverkefni og markáætlanir á einstökum tæknisviðum til að treysta tæknilegar undirstöður atvinnuveganna, einstakar greinar þeirra eða þvert á greinaskiptingu þeirra,
- d. styrkja lítil verkefni á vegum einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að verða atvinnu- og tekjuskapandi og arðbær þrátt fyrir áhættu í upphafi,
- e. greiða kostnað við greiningu á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til styrktar henni.

#### 2. gr.

##### *Tekjur.*

Tekjur Tækniþróunarsjóðs eru:

- a. fjárveitingar í fjárlögum,
- b. tekjur af sölu hlutdeildar í sprotafyrirtækjum sem sjóðurinn hefur eignast aðild að,
- c. framlög frá innlendum og erlendum samstarfsaðilum,
- d. önnur framlög.

#### 3. gr.

##### *Stjórn.*

Í stjórn Tækniþróunarsjóðs sitja sex menn sem ráðherra skipar til tveggja ára, þ.m.t. eru formaður og varaformaður. Þeim sem eru skipaðir er einungis heimilt að sitja tvö tímabil í senn. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu tækninefndar Vísinda- og tækniráðs, einn sem tilnefndur er sameiginlega af þeim ráðherrum er fara með málefni sjávarútvegs og málefni landbúnaðar, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka iðnaðarins, en ráðherra skipar einn án tilnefningar.

Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ráðherra velur formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

## 4. gr.

*Hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs.*

Stjórn Tækniþróunarsjóðs ákveður áherslur sjóðsins samkvæmt skilgreindu hlutverki hans, sbr. 1. gr. Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráða sem tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipar til tveggja ára í senn. Fagráðin eru ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr Tækniþróunarsjóði. Jafnframt eru fagráðin ráðgefandi fyrir Vísinda- og tækniráð og undirnefndir þess eftir því sem óskað er.

Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagrád sjóðsins geta veitt ef þurfa þykir. Þeir sem skipaðir eru í fagrád skulu hafa viðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Þeir skulu hvorki sitja í Vísinda- og tækniráði né stjórn Tækniþróunarsjóðs.

Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar Tækniþróunarsjóðs og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

Kostnaður við mat á umsóknum og rekstur sjóðsins skal greiddur af árlegu ráðstöfunarfé hans.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Tækniþróunarsjóði eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

## 5. gr.

*Úthlutunarreglur.*

Úthlutunarstefna Tækniþróunarsjóðs skal fylgja áherslum Vísinda- og tækniráðs. Stjórn Tækniþróunarsjóðs setur reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

## 6. gr.

*Reglugerð.*

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi og rekstur Tækniþróunarsjóðs og framkvæmd laga þessara.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.

**Ákvæði til bráðabirgða**

## I.

Ráðherra skal skipa sérstakt fagrád byggingarannsóknna sem starfa skal á árabílinu 2021-2023 og er stjórn Tækniþróunarsjóðs til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutun til hagnýtra byggingarannsóknna.

Í fagráði skulu sitja fimm einstaklingar, tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þess ráðherra sem fer með málefni mannvirkja og einn sem skipaður er samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins. Þá skipar sá ráðherra sem fer með málefni nýsköpunar tvo án tilnefningar.

## Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kynnti áform um endurskipulagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í febrúar 2020. Sú endurskipulagning felst í því að áformað er að fella brott lög nr. 75/2007, um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, leggja stofnunina niður og finna verkefnum hennar annan farveg í öðru rekstrarformi.

Ráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun sem fellir brott áður nefnd lög en í II. kafla ofangreindra þeirra er kveðið á um Tækniþróunarsjóð. Þar sem nauðsynlegt er að sjóðurinn starfi á grundvelli laga er hér lagt fram frumvarp að nýjum sérlögum um Tækniþróunarsjóð í stað ákvæða II. kafla laga nr. 75/2007.

### 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Samkeppnissjóðir á sviði nýsköpunar hafa verið eflir á síðustu árum og þar ber hæst Tækniþróunarsjóð sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Framlög í sjóðinn meira en tvöfölduðust á árunum 2014-2016 og nýir styrkjaflokkar bættust við, þar á meðal styrkjaflokkur undir heitinu Fræ þar sem markmiðið er að styðja við hugmyndir og verkefni á frumstigi. Áætluð framlög í sjóðinn voru um 2,3 milljarðar kr. árið 2020 en í apríl sl. var samþykkt 700 m.kr. aukafjármögnun í Tækniþróunarsjóð sem hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Tækniþróunarsjóður byggir úthlutunarreglur sínar fyrst og fremst á gæðum umsókna, óháð því hvaðan þær koma. Samfara auknum framlögum í sjóðinn á undanförunum árum, hefur umfang sjóðsins einnig vaxið og umsóknum fjölgað. Árið 2019 var árangurshlutfall umsókna í Tækniþróunarsjóð 12% en árið 2020 hafa 15% umsókna fengið styrk og munar þar mestu um fjölgun styrkja í styrkjaflokknum Fræ. Í takti við stefnu Vísinda- og tækniráðs hafa stjórnvöld boðað umtalsverða aukningu framlaga í sjóðinn á næstu árum, í þeim tilgangi að auka hlutfall nýrra umsókna sem fá styrk hverju sinni.

Í samræmi við ofangreint er markmið frumvarpsins að tryggja að um Tækniþróunarsjóð sé kveðið í lögum og að tryggja samfellu í starfsemi hans þrátt fyrir áformað brottfall laganna sem kveða á um sjóðinn. Þegar af þeirri ástæðu var nauðsynlegt að setja sérlög um Tækniþróunarsjóð en önnur úrræði voru ekki metin enda nauðsynlegt að um sjóðinn og starfsemi hans sé kveðið með lögum. Mögulegt hefði verið að halda kafla um Tækniþróunarsjóð eftir í lögum nr. 75/2007 og fella önnur ákvæði þeirra brott. Skýrara og eðlilegra þótti hins vegar að setja um sjóðinn sérlög.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Ekki eru í frumvarpi þessu lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðum II. kafla gildandi laga nr. 75/2007 að undanskildu ákvæði til bráðabirgða sem nánar verður fjallað um og viðbót við ákvæði núgildandi a liðar 2. mgr. 10.gr. Aðaltilgangur frumvarpsins er sá að flytja ákvæði um sjóðinn í sérlög svo tryggður sé lagagrundvöllur undir starfsemi hans.

Eins og áður hefur komið fram er samhliða frumvarpi þessu lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 75/2007. Í því frumvarpi er einnig kveðið á um starfsemi Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins og framtíðarfyrirkomulag byggingarannsóknar og prófana.

Rannsóknastofa byggingariðnaðarinnar sinnir verkefnum á sviði húsbyggingartækni, steinsteyputækni, veg- og jarðtækni og einnig prófun og vottun byggingarframleiðslu.<sup>1</sup>

Í húsbyggingartækni hefur áhersla verið á rannsóknir á burðarþoli og efnistækni byggingarefna en auk þess á ráðgjöf og útgáfu fræðsluefnis, svokölluð Rb-blöð sem innihalda tæknilegar upplýsingar varðandi viðhald, hönnun og byggingu mannvirkja og fræðslu um niðurstöður rannsókna hjá stofnuninni. Rannsóknir Rb hafa m.a. beinst að efniseiginleikum og þróun umhverfisvænnar steypu og orsökum rakaskemmda í mannvirkjum. NMÍ hefur leitt samstarfshóp undir heitinu Betri byggingar og samstarf hefur verið við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um stundakennslu og verklega þjálfun stúdenta. Prófunum og vottunum á byggingarvörum hefur verið sinnt á grundvelli laga um byggingarvörur, nr. 114/2014, sem heyra undir félagsmálaráðuneytið.

Meðal fagaðila og vísindafólks í byggingariðnaði hefur verið bent á að þrátt fyrir mikilvægi þess að viðhalda öflugum rannsóknum og tækniþróun á sviðinu hafi byggingarrannsóknir til þessa fengið lágt hlutfall við úthlutun úr stærri samkeppnissjóðum héraðs, svo sem Tækniþróunarsjóði og Rannsóknasjóði. Rætt hefur verið um að eðli þeirra rannsókna fari að mörgu leyti illa saman við markmið og úthlutunarreglur sjóðanna. Byggingarrannsóknir eru í eðli sínu mjög þverfaglegar og markmið þeirra oft á tíðum tengd samfélagslegum áskorunum og þjóðfélagslegum ábata til lengri framtíðar, frekar en fjárhagslegum ávinningi til einstakra fyrirtækja. Byggingageirinn tekst á við margskonar áskoranir svo sem rakaskemmdir og hátt kolefnisfótspor en einnig eru til staðar mikil tækifæri til umbóta og nýsköpunar svo sem á sviði umhverfisvænnar bygginga. Því er mikilvægt að halda uppi öflugum rannsóknum og fræðslu hér á landi og um leið byggja upp alþjóðleg rannsóknartengsl á þessu sviði.

Í þeim tilgangi að styðja við rannsóknir í byggingariðnaði munu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og félags- og barnamálaráðherra setja á fót samkeppnissjóð um byggingar- og mannvirkjarannsóknir. Sjóðurinn verður fjármagnaður sameiginlega af ráðuneytunum og áherslur sjóðsins munu einkum snúa að samfélagslegum áskorunum í byggingariðnaði, svo sem rakaskemmdum í mannvirkjum og aðgerðum til lækkunar kolefnisspors. Með stofnun slíks sjóðs er leitast við að opna opinbert styrkjaumhverfi fyrir fleiri aðila úr háskólasamfélagi og atvinnulífi og stuðla að auknu samstarfi við erlenda rannsóknaaðila.

Þá verður sérstakt fagråd byggingarrannsókna sett á fót tímabundið sem verður ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir til byggingarrannsókna. Fagráðið skal skipað til tveggja ára, þ.e. til árunna 2021-2023. Gert er ráð fyrir að á þeim tíma muni framtíðarsýn sjóðsins skýrast frekar og framtíðarfyrirkomulag hans verði útfært en lagt er upp með að ábyrgð á rannsóknum og prófunum í byggingariðnaði flytjist til félagsmálaráðuneytis enda heyrir málefnaþing mannvirkja þar undir. Þá er fyrirhuguð endurskoðun á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs sem skipar fagråd Tækniþróunarsjóðs og vert að hafa þá endurskoðun til hliðsjónar við framtíðarskipulag samkeppnissjóðs um byggingarrannsóknir. Stefnt er að því að starfshópur vinni tillögur að framtíðarfyrirkomulagi sjóðsins sem og tillögur um prófanir á byggingarvörum og mögulega sameiginlega prófunarstofu eins og nánar er farið yfir í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun sem lagt er fram af ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Áhersla stjórnvalda er á faglegt mat umsókna og að rannsóknir beinist að samfélagslegum áskorunum. Afar brýnt er að öflugar rannsóknir og nýsköpun séu til staðar í byggingariðnaði

---

<sup>1</sup> Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, *Byggingarrannsóknir, staða og framtíðarþróun – skýrsla*, 2016, bls. 5.

hér á landi enda þarf atvinnugreinin að takast á við margskonar áskoranir eins og fjallað hefur verið um.

#### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Ákvæði frumvarpsins gáfu ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

#### 5. Samráð.

Við gerð frumvarpsins var haft samráð við félagsmálaráðuneytið, stjórn Tækniþróunarsjóðs og Rannís sem annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs.

Samráð vegna frumvarps þessa tengist að öðru leyti endurskipulagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eins og fram kemur í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra leggur fram samhliða frumvarpi þessu. Samráð og samtal hefur meðal annars átt sér stað við Byggingavettvang, háskólasamfélagið, Verkfræðingafélagið og verkfræðistofur. Umfjöllun um samráðið má lesa í nefndu frumvarpi.

#### 6. Mat á áhrifum – í vinnslu.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um hlutverk Tækniþróunarsjóðs.

Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að fela óháðum aðila faglega umsýslu sjóðsins á grundvelli samnings. Varsla sjóðsins, umsýsla og rekstur er í dag hjá Rannís.

Sjóðurinn kemur að þróunar-, rannsókn- og nýsköpunarverkefnum í samræmi við þá megin stefnu sem mótuð er á vegum Vísinda- og tækniráðs.

Í fyrsta lagi er Tækniþróunarsjóði ætlað að taka þátt í fjármögnun tækniþróunar- og nýsköpunarverkefna sem byggjast á nýrri þekkingu. Mikið af vísindalegri þekkingu sem til verður í háskólum og stofnunum nær ekki að verða að söluhæfum afurðum eða þjónustu vegna þess að ekki er til farvegur til að fjármagna lokarannsóknir og tækniþróun þeirra. Í ákvæðinu er einnig að finna smávægilega viðbót þar sem tiltekið er að Tækniþróunarsjóði sé heimilt að styrkja tækniþróun og rannsóknir í samstarfi við erlenda sjóði til viðbótar við þá aðila sem áður voru taldir upp í ákvæðinu, þ.e. stofnanir, háskólar og fyrirtæki.

Í öðru lagi mun sjóðurinn eiga kost á að styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og þannig eignast aðild að fyrirtækjum á frumstigi nýsköpunar. Gert ráð fyrir að sjóðurinn geti komið að fjármögnun sprotafyrirtækja á grundvelli álitlegra viðskiptahugmynda. Margar góðar hugmyndir ná ekki þroska vegna vanmáttar frumkvöðla til að kosta gerð viðskiptaáætlana og fjármagna aðra nauðsynlega frumvinnu.

Í þriðja lagi er mikilvægt að unnt sé að fjármagna sérstök átaksverkefni. Þetta geta verið verkefni er tengjast aukinni framleiðni fyrirtækja, umhverfisstjórnun fyrirtækja eða endurbótum á innri gerð þeirra og geta einnig tengst samfélagslega mikilvægum verkefnum, svo sem rannsóknum í byggingariðnaði.

Í fjórða lagi verður unnt að styrkja smærri verkefni einstaklinga og smáfyrirtækja sem eru líkleg til að vera atvinnu- og tekjuskapandi. Komandi hefur í ljós að veruleg þörf er á því að styðja við slík verkefni sem mörg hver eru tengd landsbyggðinni.

Í fimmta lagi er heimild fyrir kostun greininga á stöðu nýsköpunar og gerð áætlana til að styrkja hana. Hér er um að ræða grunnvinnu sem skapar forsendur fyrir stöðugum endurbótum á starfsemi sjóðsins og getur gefið mikilvægar upplýsingar um árangur af stefnumótun stjórnvalda í nýsköpun.

Um 2. gr.

Til að standa undir þeim verkefnum og rekstri sjóðsins er gert ráð fyrir að Tækniþróunarsjóður njóti árlegra fjárveitinga úr ríkissjóði. Slíkar fjárveitingar verða, eðli máls samkvæmt, í samræmi við áherslur Vísinda- og tækniráðs hverju sinni. Gert er ráð fyrir að einnig geti orðið til tekjur vegna sölu eignarhluta í sprotafyrirtækjum sem stutt hefur verið við bakið á þegar þau voru á mótunarstigi. Þá er reiknað með að Tækniþróunarsjóður geti tekið þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem gætu notið fjármögnunar frá samstarfsaðilum, t.d. í gegnum erlendar áætlanir.

Um 3. gr.

Uppbygging stjórnar sjóðsins er í grundvallaratriðum þannig að hún hafi sterk tengsl við nánasta faglega umhverfi sitt og þekkingarlega breidd.

Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk stjórnar og fagráða Tækniþróunarsjóðs.

Í meginatriðum er það fimm manna stjórn Tækniþróunarsjóðs sem tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum en áður hafa umsóknir verið metnar af fagráði sem veitir umsagnir um þær. Gert er ráð fyrir að tækninefnd Vísinda- og tækniráðs skipi fagrád, eitt eða fleiri, til tveggja ára í senn og setji því erindisbréf. Mikilvægt er að leggja áherslu á að fagráðin eru aðeins ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum en ákvarðanir þar að lútandi eru alfarið hjá stjórninni. Þar sem Tækniþróunarsjóður fjármagnar fyrst og fremst verkefni sem tengjast hagnýtingu og standa nærri markaði þarf að gæta sérstaklega að þessum viðmiðum í fagráðunum. Kveðið er á um að þeir sem skipaðir eru í fagrád skuli hafa víðtæka reynslu af tækniþróun og nýsköpun. Til þess að tryggja hlutleysi skulu þeir hvorki sitja í ráðinu né stjórn sjóðsins.

Ákvarðanir stjórnar Tækniþróunarsjóðs eru endanlegar og verður þeim ekki áfrýjað til ráðherra.

Um 5. gr.

Kostnaður við mat umsókna, úthlutun styrkja og rekstur sjóðsins skal greiddast af árlegu ráðstöfunarfé hans.

Áherslur Vísinda- og tækniráðs marka alla þætti þessa frumvarps og gildir það einnig um úthlutunarstefnu Tækniþróunarsjóðs. Stjórn sjóðsins setur aftur á móti reglur um umsóknir, mat þeirra og málsmeðferð og annað er lýtur að umsýslu sjóðsins.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæðinu felst að ráðherra mun skipa sérstakt tímabundið fagráð um byggingarrannsóknir en það skal starfa í tvö ár meðan unnið verður að framtíðarfyrirkomulagi stuðnings við byggingarrannsóknir og svo samræmi sé með fyrirkomulagi þessu og skipun annarra fagráða en fyrir liggur að unnið er að endurskoðun lagaumhverfis Vísinda- og tækniráðs.

Fyrir liggur að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og félags- og barnamálaráðherra munu óska eftir því að Tækniþróunarsjóður setji upp sérstakan styrkflokk fyrir rannsóknir í byggingariðnaði til samræmis við undanfarandi umfjöllun í greinargerð. Hér í ákvæði til bráðabirgða er því lagt til að ráðherra nýsköpunarmála skuli skipa tímabundið fagráð sem er stjórn Tækniþróunarsjóðs til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutun til hagnýtra byggingarrannsókna. Í fagráðinu skulu sitja tveir fulltrúar ráðherra félagsmála og tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra nýsköpunarmála ásamt einum aðila sem tilnefndur verður af samstarfsnefnd háskólastigsins.

Um úthlutanir úr styrkflokki hagnýtra byggingarrannsókna mun fara að öðru leyti eftir ákvæðum laganna um úthlutunarreglur og hlutverk stjórnar sjóðsins en aðaláhersla verður sett á samfélagslegar áskoranir í byggingariðnaði.